**2007**





# Vetrarævintýri á Norðurlandi

# Winter adventures in North Iceland




- >> SAUÐÁRKRÓKUR
- >> SIGLUFJÖRÐUR
- >> ÓLAFSFJÖRÐUR
- >> DALVÍK
- >> AKUREYRI
- >> GRENIVÍK
- >> HÚSAVÍK
- >> MÝVATNSSVEIT





www.nordurland.is

The Arctic North
NORÐURLAND

# VETRARÆVINTÝRI Á NORÐURLANDI

Norðurland er land vetrarævintýra. Norðurland býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem bæði vilja slaka á og njóta ævintýralegrar skemmtunar í sannkallaðri náttúruparadís. Óteljandi möguleikar eru til útivistar og allir finna eitthvað við sitt hæfi. Á Norðurlandi eru sjö skíðasvæði sem öll hafa sína sérstöðu. Skíðasvæðin eru með allra skemmtilegustu skíðasvæðum landsins og bjóða upp á brekkur og lyftur sem henta bæði börnum og fullorðnum og góða aðstöðu fyrir gönguskíðafólk. Auk þess er önnur afþreying í boði eins og snjósleðaferðir, hestaferðir, jeppaferðir og skautahöll. Jarðböðin við Mývatn er nýjasta trompið í vetrarferðum til Norðurlands en auðvitað er að finna góðar útisundlaugar á öllum svæðum. Eins og flestum er kunnugt býður Norðurland einnig upp á fjölbreytta gistiaðstöðu, veitingastaði, áhugaverð söfn sem og blómstrandi leikhúslíf.
**Vetrarævintýri á Norðurlandi er ógleymanleg upplifun fyrir alla fjölskylduna.**

*Velkomin til Norðurlands*

# WINTER ADVENTURES IN NORTH ICELAND 2007

Northern Iceland is a land of winter adventures, offering diverse options for those who want to combine relaxation with fun and excitement in a veritable paradise of nature. There are countless opportunities for outdoor activities to suit everyone’s taste. North Iceland boasts seven skiing areas, each of which has its own special character. The ski slopes are among the best in the country, featuring gradients and lifts which suit both children and grownups together with excellent facilities for cross-country skiing.
In addition, other outdoor sports are on offer, such as snowmobile tours, horse trekking, jeep excursions and visits to a skating arena. The Mývatn nature baths are the latest trump card to be played in winter excursions to North Iceland and of course every district offers access to an excellent outdoor swimming pool. As is generally known, North Iceland also offers accommodation of diverse character, restaurants and interesting museums as well as thriving theatrical performances
**A Winter adventure in North Iceland is an unforgettable experience for the whole family**

*Welcome to North Iceland*

| Skíðasvæðin í bæklingnum: | The brochure describes the following skiing areas. |
|---|---|
| 1 Skíðasvæðið á Sauðárkróki | 1.The skiing area in Sauðárkrókur |
| 2 Skíðasvæðið á Siglufirði | 2.The skiing area in Siglufjörður |
| 3 Skíðasvæðið á Ólafsfirði | 3.The skiing area in Ólafsfjörður |
| 4 Skíðasvæðið á Akureyri | 4.The skiing area in Akureyri |
| 5 Skíðasvæðið á Dalvík | 5.The skiing area in Dalvík |
| 6 Kaldbaksferðir á Grenivík | 6.Kaldbakur excursions in Grenivík |
| 7 Skíðasvæðið á Húsavík | 7.The skiing area in Húsavík |
| 8 Mývatnssveit | 8.The Mývatn District |




Helstu upplýsingar um færð og veður á Norðurlandi má finna á eftirfarandi vefsíðum: **www.vedur.is** og **www.vegagerdin.is**

For basic information with regard to road and weather conditions in North Iceland, please access the following websites: **www.vedur.is** and **www.vegagerdin.is**




## >> 1 SAUÐÁRKRÓKUR

Skíðasvæðið í Tindastól er sérstaklega gott fyrir alla fjölskylduna, eftir að ný og glæsileg skíðalyfta var sett þar upp árið 2000. Fyrstu 300 metrarnir í aðalbrekkunni eru hentugir fyrir byrjendur en þar fyrir ofan er góður bratti. Auk þess eru góðar brautir fyrir gönguskíðafólk og gott svæði fyrir brettaiðkendur. Í þjónustuhúsinu er í boði kaffi, kakó og frábært bakkelsi, auk skíðaleigu. Eftir góðan dag á skíðum í Tindastól stendur þér svo til boða að slaka á í sundlaug Sauðárkróks, kíkja á fyrsta flokks veitingahús og nýta þér fjölbreytilega gistimöguleika í Skagafirði. Vefmyndavél og veðurstöð er á skíðasvæðinu sem hægt er að fylgjast með á netinu, **www.tindastoll.is/skidi.**

Upplýsingar: 878 3043 • Skíðaskáli: 453-6707
Allar nánari upplýsingar fyrir ferðamenn veitir Upplýsingamiðstöð Norðurlands vestra í Varmahlíð s. 455 6161 www.skagafjordur.is - upplysingar@skagafjordur.is

The Tindastóll skiing area is particularly well-suited for the entire family after the installation of a new, excellent ski lift in 2000. The first 300 metres of the main slope are ideal for beginners; higher up, however, the steeper gradients offer a suitable challenge for the experienced skier. The area also offers well laid-out tracks for cross country skiing as well as a special zone reserved for snowboarding. In the service centre, where skis can be rented, refreshing coffee and cocoa with cakes. You have the opportunity of relaxing in the excellent hot pots of Sauðárkrókur swimming pool, dropping in at a first class restaurant and making use of the diverse accommodation on offer in Skagafjörður. The drive from Reykjavík takes just over three hours (281 km) and an hour and a half from Akureyri (133 km). The skiing area is equipped with a webcam and a weather station for observation through the Internet; **www.tindastoll.is/skidi**

Information: Tel. 878 3043 • Ski lodge 453 6707
All further information regarding museums, swimming, accommodation, visit to a farm, meals etc. is available at the North-West Iceland information centre at Varmahlíð, tel. 455 6161 and on the website www.skagafjordur.is - upplysingar@skagafjordur.is



**Opnunartími / Opening hours**

| | | *eftir 1. febrúar after February 1st* |
|---|---|---|
| mið. - fös. | Lau. og Sun. | Lau. og Sun. |
| 14:00 - 19:00 | 12:00 - 17:00 | 10:00 - 17:00 |
| Wed. - Fri. | Sat. and Sun. | Sat. and Sun. |
| 14:00 - 19:00 | 12:00 - 17:00 | 10:00 - 17:00 |




# >> 2 SIGLUFJÖRÐUR

Siglufjörður nýtur magnaðrar umgjarðar í litlum firði yst á Tröllaskaga og býður upp á fjölbreytta ferðaþjónustu. Skíðasvæðið í Skarðsdal má tvímælalaust telja með bestu skíðasvæðum landsins. Á svæðinu eru nú þrjár lyftur, tvær samfelldar lyftur, diska og T-lyfta sem samtals eru u.þ.b. 1500 metrar að lengd. Þriðja og efsta lyftan er 530 metra löng með um 180 metra fallhæð og afkastar hún um 550 manns á klukkustund. Efri endi lyftunnar er í rúmlega 650 metra hæð yfir sjó. Í Skarðsdal er að finna einhverja bestu alhliða brekkur landsins. Nýlega var reistur glæsilegur skíðaskáli þar sem aðstaða fyrir gesti er öll til fyrirmyndar. Góð flóðlýsing er á skíðasvæðinu.
Í þessum fræga útgerðarbæ er margt að skoða og má þar sérstaklega nefna Síldarminjasafnið sem er eitt athyglisverðasta safn landsins og hefur verið verðlaunað hér heima og erlendis.

Upplýsingar:
Skíðasvæðið: 467 1806 / 460 5600 • Upplýsingasími: 878-3399 • www.siglo.is
Allar nánari upplýsingar um þjónustu við ferðamenn, gistingu o.fl. er í síma 863 1605

The town of Siglufjörður lies in a pleasantly sheltered location, framed by a semicircle of mountains on the shores of a small fiord at the point of Tröllaskagi peninsula. The area offers diverse tourist services, and its ski slopes in Skarðsdalur valley are without a doubt among the best in Iceland. Three lifts carry skiers up the slopes; two combined lifts, a disc lift and a rope tow, which make up a total length of 1500 metres. The third and highest lift measures 530 metres in length with a vertical rise of about 180 metres and a capacity of about 550 persons per hour. The top end of the lift is over 650 metres above sea level. Skarðsdalur is the site of some of the best general purpose ski slopes in Iceland. Recently a fine ski lodge was erected with good facilities for visitors. The skiing area is equipped with a high standard flood lighting. There is much to see in this famous fishing town, the most popular attraction being the Herring Era Museum, which is one of Iceland's most remarkable museums and has received awards, both in Iceland and abroad.

Information:
The skiing area: Tel. 467 1806/460 5600 • Information: Tel. 878 3399 • www.siglo.is
For all further information regarding tourist services, accommodation etc., please call tel. 863 1605

*Opnunartími / Opening hours*

| Virka daga / Weekdays | Helgar / Weekends |
|---|---|
| 15:00 - 19:00 | 11:00 - 16:00 |





# 3 ÓLAFSFJÖRÐUR

Á Ólafsfirði eru kjöraðstæður til vetraríþrótta. Hægt er að fara í vélsleðaferðir um fjöll og dali í nágrenninu og er aðstaða til skíðaiðkunar óvíða betri. Göngubrautir eru nánast lagðar um allan bæ og stendur Skíðafélag Ólafsfjarðar fyrir gönguferðum í nágrenni Ólafsfjarðar. Á skíðasvæðinu í Tindaöxl eru skíðalyftur og góðar svigbrautir. Brettamenn fá stór ótroðin svæði og nota gjarnan þá hryggi sem eru á svæðinu. Í glæsilegum skíðaskála Skíðafélagsins er boðið upp á ýmis konar veitingar. I skálanum er svefnloft þar sem u.þ.b. 25 manns geta gist í svefnpokum.
Gerð eru hagstæð tilboð fyrir hópa um lyftukort, gistingu, mat o.þ.h.

**Upplýsingar:**
Skíðaskáli: 878 1977 • 466 2527 • www.olafsfjordur.is • www.simnet.is/skiol/
Allar nánari upplýsingar veitir Upplýsingamiðstöð ferðamanna í síma 550 0720 / 462 7733

Ólafsfjörður offers ideal conditions for winter sports. The neighbouring mountains and valleys offer excellent terrain for snowmobile touring and the environment is particularly well-suited to skiing. Specially laid ski tracks extend practically all over the town and the Ólafsfjörður Skiing Association organises cross-country excursions around the vicinity. The Tindaöxl skiing area is equipped with ski lifts and excellent slalom tracks. Snowboarding enthusiasts have large pristine areas at their disposal for unhindered use of surrounding hilltops and ridges. Refreshments are on offer in the Skiing Association's excellent lodge which is also equipped with attic sleeping bag accommodation for about 25 persons. Group discounts can be arranged with regard to lift charges, accommodation, meals etc.

**Information:**
Ski lodge: Tel. 878 1977 - 466 2527 – www.olafsfjordur.is – www.simnet.is/skiol/
Further information at the Tourist Information Centre, tel. 550 0720 / 462 7733



**Opnunartími / Opening hours**

| Sunnud. / Sun | Mánud. / Mon | Þriðjud. / Tue |
|---|---|---|
| 13:00 - 17:00 | 14:00 - 19:30<br>20:00 - 22:00 | 13:00 - 19:30 |
| **Fimmtud. / Thu** | **Föstud. / Fri** | **Laugard. / Sat** |
| 13:00 - 19:30 | 13:00 - 17:00<br>20:00 - 22:00 | 13:00 - 17:00 |



# 4 AKUREYRI

Vetrarævintýri á Norðurlandi: Í tæp 40 ár hefur Hlíðarfjall verið i fremstu röð skíðasvæða á Íslandi. Aðalsmerki Hlíðarfjalls er góður snjór, göngubrautir og skemmtilegar skíðabrekkur með frábæru útsýni yfir Eyjafjörð og allt til drottningar íslenskra fjalla, Herðubreiðar. Nú hafa snjóvélar verið teknar í notkun en þær tryggja gott færi allan veturinn. Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi. Hvort sem þú ert byrjandi eða þrautreynd(ur) í skíðabrekkum eru skíða- og snjóbrettakennarar til staðar þér til aðstoðar. Þeir kenna þér undirstöðuatriðin, fínpússa stílinn og eða kynna fyrir þér Carving-tæknina. Börnin eru í miklu uppáhaldi hjá okkur og í Hlíðarfjalli er starfræktur barnaskíðaskóli. Einnig er boðið upp á lengri skíða- og snjóbrettanámskeið. Í Hlíðarfjalli er starfrækt skíða- og snjóbrettaleiga þar sem hægt er að leigja allan búnað, þar með talið skíðagalla.

Upplýsingar: Skíðasvæði: 462 2280 • Upplýsingasími: 878 1515 • www.hlidarfjall.is
hlidarfjall@hlidarfjall.is

Winter adventures in North Iceland: For nearly 40 years, the mountain Hlíðarfjall has been one of the prime skiing areas in Iceland. The hallmarks of Hlíðarfjall are high quality snow, extensive cross country tracks and exciting ski slopes with a breathtaking view of Eyjafjörður, extending as far as Mount Herðubreið, the queen of Icelandic mountains. Recently purchased snow blowers are capable of providing fine skiing conditions during the entire winter. The diverse environment ensures that all skiers can find a situation to suit even the most demanding taste. No matter whether you are a beginner or thoroughly experienced in tackling challenging mountain slopes, you will at all times be able to seek advice and assistance from skiing and snowboard trainers who will demonstrate the basics, fine tune your style, or introduce you to the Carving technique. Our favourites, the children, are cared for at the Hlíðarfjall Skiing School for Children. Longer skiing and snowboard courses are also on offer. A ski and snowboard rental is operated at Hlíðarfjall, where all equipment may be rented, including skiing overalls.

Information: Skiing area 462 2280 • Information telephone: 878 1515
www.hlidarfjall.is • hlidarfjall@hlidarfjall.is

***Opnunartími***

| Virkir dagar | Helgar og frídagar |
|---|---|
| 14:00 - 19:00 | 10:00 - 17:00 |

***Opening hours***

| Weekdays | Weekends / Holidays |
|---|---|
| 14:00 - 19:00 | 10:00 - 17:00 |






**Kjarnaskógur:** Innan við Akureyri er Kjarnaskógur sem er útivistarparadís Akureyringa en þar eru skógi þaktar göngu- og skíðaleiðir.
**Skautahöllin** á Akureyri er tilvalin fyrir stóra sem smáa til að renna sér á skautum í takt við ljúfa tónlist. Hægt er að fá leigða skauta fyrir alla fjölskylduna.

**Kjarnaskógur woodland:** Cross country skiing tracks have been laid in the sheltered woodland of Kjarnaskógur, a pleasant outdoor recreation area, on the inner edge of the town.
**The Akureyri Skating Arena** offers excellent skating to the rhythm of pleasant music for children and adults alike.







**Akureyri:** Eftir góðan dag í skíðabrekkunum er fátt betra en að láta líða úr sér í Sundlaug Akureyrar sem er ein besta sundlaug landsins. Einnig má heimsækja fjölmörg söfn bæjarins, þar á meðal hið landsfræga Listasafn Akureyrar, fara í verslanir, á ólík veitingahús bæjarins eða skella sér í leikhús. Akureyri býður upp á óþrjótandi afþreyingarmöguleika og tekur vel á móti gestum sínum. Á Akureyri hefur þú öll lífsins gæði innan seilingar.

Allar nánari upplýsingar veitir Upplýsingamiðstöð ferðamanna í síma 550 0720 / 462 7733

**Akureyri:** After a pleasant day on the ski slopes, it is ideal to relax in the comfort of Akureyri Swimming Pool, and enjoy its excellent facilities which are among the best in Iceland. There are museums to be visited, for example the celebrated Akureyri Art Museum, go shopping, check out the town's diverse restaurants, or go to the theatre. Akureyri offers countless options for recreation and takes pride in pleasing its visitors. In Akureyri, all the best things in life are within your reach.

For more detailed information on tourist services, please contact the Tourist Information Centre, tel: 550 0720 / 462 7733




# 5 DALVÍK

Á Dalvík er eitt besta skíðasvæði landsins. Skíðasvæðið er tilvalið fyrir alla fjölskylduna og býður upp á fjölbreyttar brekkur með tveimur skíðalyftum en á svæðinu er 1200 metra löng upplýst brekka. Á skíðasvæðinu er nýtt snjókerfi sem gerir skíðasvæðið enn tryggara með snjó en áður og er spennandi nýjung á íslensku skíðasvæði. Þegar aðstæður leyfa er troðin göngubraut sem er rétt við skíðasvæðið. Opnunartími er sveigjanlegur og er skíðasvæðið opnað fyrir hópa sé þess óskað utan hefðbundins opnunartíma. Skíðaleiga er á staðnum. Allan ársins hring býður Dalvíkurbyggð upp á fjölbreytta gistimöguleika á gistiheimilum, sumarhúsum og hótelum. Sundlaugin er opin allt árið og á byggðasafninu Hvoli er hægt að kynna sér margt úr sögu Dalvíkurbyggðar. Það er því tilvalið að koma til Dalvíkurbyggðar og upplifa kyrrð og ró í faðmi fjallanna. ATH! Það tekur þig einungis 35 mín að keyra frá Akureyri til Dalvíkur.

Uppl: Skíðasvæðið: 466 1010 / 466 1005 • Upplýsingasimi: 878 1606 • www.skidalvik.is
www.dalvik.is

Dalvík has one of the best skiing areas in the country. There is a wide variety of runs and slopes suitable for all members of the family. One of these slopes is floodlit and is 1,200m long.
At the area is a new snow production system which has ensured better snow conditions and is an exciting new innovation in Iceland's winter sports programme. When conditions permit, a track for cross country skiing is prepared right next to the skiing area. The opening hours are flexible and groups can arrange for the slopes to be opened at times outside the normal opening period. Skis can be rented. There is accommodation to be had in guesthouses, summer chalets and hotels all year round. The swimming pool is open all year round and in the district museum at Hvoll the visitor can learn much about the history of the Dalvík area. It is therefore a tempting option to visit Dalvík and experience peace and tranquillity in the embrace of the surrounding mountains. Please note!! It takes only 35 minutes to drive from Akureyri to Dalvík.

Info: Skiing area: 466 1010 / 466 1005 • Info. telephone: 878 1606 • www.skidalvik.is
www.dalvik.is

***Opnunartími***

| Mán. - Fim. | Föstudagar | Lau. til Sun. |
|---|---|---|
| 15:00 - 20:00 | 14:30 - 18:00 | 12:00 - 16:00 |
| | | Eftir 1. febrúar: 10:00 - 17:00 |

***Opening hours***

| Mon. - Thu. | Fridays | Sat. - Sun. |
|---|---|---|
| 15:00 - 20:00 | 14:30 - 18:00 | 12:00 - 16:00 |
| | | After 1. February 10:00 - 17:00 |





# 6 GRENIVÍK

Það tekur ekki nema hálftíma að aka frá Akureyri til Grenivíkur. Þar er boðið upp á útsýnis- og skíðaferð Kaldbaksferða sem er sex kílómetra skíðaferð sem tekur um tvo og hálfan tíma. Þátttakendur eru keyrðir á snjótroðara upp á fjallið Kaldbak þaðan sem þeir skíða niður í Grenjárdal. Að því loknu eru þátttakendur keyrðir upp á Grenivíkurfjall, þaðan sem þeir skíða frjálst niður. Ekki er um fastar ferðir að ræða en oftast eru farnar þrjár ferðir á dag. Einfaldast er að hafa samband við Kaldbaksferðir og semja um tíma.

Upplýsingar: Sími 867 3770

***KALDBAKSFERÐIR*** Allar nánari upplýsingar veitir Upplýsingamiðstöð ferðamanna í síma 550 0720 / 462 7733
***PÓLARHESTAR*** á Grýtubakka bjóða upp á hestaferðir. Upplýsingar í síma 463 3179 / 462 7733

It only takes half an hour to drive from Akureyri to Grenivík. There visitors can book a sightseeing and skiing trip to the slopes of Kaldbakur. This is a 6 kilometre trip lasting about 2 ½ hours. The participants are driven in a snow compacter up Kaldbakur from where they ski down into Grenjárdalur valley. From there they are taken to Grenivíkurfjall mountain where they are free to choose their route down. There is no fixed schedule for these trips but mostly there are three a day. The simplest way to find out when these are on offer is to contact Kaldbaksferðir and arrange a suitable time.

Information: Tel. 867-3770

***KALDBAKSFERÐIR TRIPS*** For more detailed information on tourist services, please contact the Tourist Information Centre, tel. 550-0720 / 462-7733.
***POLAR HORSES*** At Grýtubakki visitors can hire horses for trekking.
Information: Tel. 463-3179 / 462-7733








# >> 7 HÚSAVÍK

Skíðasvæði Húsavíkur er við bæjardyrnar. Á Reykjaheiði er kjörlendi gönguskíðafólks og umhverfis Botnsvatn og í Aðaldalshrauni gefast einnig tækifæri til skíðagöngu. Snjóbrettaiðkendur sækja á toppinn á Húsavíkurfjalli en í Stöllum (efra svæði) er bratt og krefjandi svæði. Lyftan í Skálamelnum (neðra svæði) er í göngufæri frá miðbænum og er tilvalin fyrir börn og byrjendur Stallarnir og Skálamelurinn eru að hluta til upplýst. Safnahúsið hýsir ísbjörninn sem veginn var í Grímsey 1969. Hvalasafnið og Hið íslenska reðasafn hafa síðan bæst við afþreyingu á Húsavík þar sem gisti- og veitingaþjónusta er með besta móti.

Upplýsingar: Sími 464 4300 • www.husavik.is • Stallar, sími: 464 1912 • Skálamelur, sími: 464 1873. Allar nánari upplýsingar veitir Upplýsingamiðstöð ferðamanna í síma 550 0720 / 462 7733

The skiing area at Húsavík is right on the town’s doorstep. Reykjaheiði ridge provides excellent countryside for cross country skiing as does the area around the lake Botnsvatn and the lava fields of Aðaldalur. Snowboard enthusiasts, on the other hand, make for the highest slopes of Húsavík Mountain where the terraced gradients of Stallar provide them with a steep and challenging course. The ski lift at Skálamelur which is within walking distance of the town is a more suitable choice for children and beginners. Stallar and Skálamelur are partly floodlit. The museum has a variety of interesting exhibits including the polar bear which was hunted down on Grímsey Island in 1969. The Whale Centre and the Icelandic Phallological Museum are recent additions to the recreational flora of Húsavík. There are also excellent accommodation and restaurant facilities to be found in Húsavík.

Information: Tel. 464-4300 – www.husavik.is • Stallar: Tel. 464-1912
Skálamelur: 464-1873
For more detailed information on tourist services, please contact the Tourist Information Centre, tel. 550-0720 / 462-7733.

**Opnunartími / Opening hours**

| | | |
|---|---|---|
| SKÁLAMELUR | Virkir dagar | Helgar |
| | 14:00 - 19:00 | 11:00 - 17:00 |
| STALLAR | Háð veðurfarslegum aðstæðum | |
| | www.volsungur.is | |
| SKÁLAMELUR | Weekdays | Weekends |
| | 14:00 - 19:00 | 11:00 - 17:00 |
| STALLAR | Depends on weather conditions | |
| | www.volsungur.is | |





## 8 MÝVATNSSVEIT

Það er fátt yndislegra en að heimsækja Mývatnssveit að vetri til þegar vetur konungur er búinn að breiða snjó yfir allt og frysta. Gistingu er hægt að fá allt árið og veitingar af bestu gerð ásamt margskonar afþreyingu í sveitinni. Afþreying er myndarleg í Mývatnssveit en þar er hægt að fara í jeppaferðir, leigja snjósleða, gönguskíði eða kaupa aðgang að Vetrargarðinum þar sem m.a. er boðið upp á að keyra go-kart, keilu, blak, golf, krikket og allt á ís. Það er einnig hægt að skella sér í Jarðböðin, þar sem hægt er að slaka á í gufu, heitum potti eða liggja í lóninu sjálfu. Skíðalyfta er staðsett á Kröflusvæðinu og er hún 500m löng og fallhæð tæpir 100m.

Upplýsingar: www.myv.is • www.myvatn.is • www.myvatnhotel.is
Allar nánari upplýsingar veitir Upplýsingamiðstöð ferðamanna
í síma 550 0720 / 462 7733

There is little to compare to a visit to the Lake Mývatn area in wintertime when the Snow Queen has done what comes naturally to her, thrown a blanket over the countryside and turned it into a frozen wonderland. Accommodation is to be had at all times of the year as well as meals of top quality and a variety of recreations to tempt the visitor. There are many excellent ways to spend your holiday hours in the area; such as jeep trips, snowmobiles to rent, facilities for cross country skiing etc. and there is of course the Winter Garden where visitors can hire go-carts, play bowling, golf or cricket – all on ice!. And we must not forget the Geothermal spa where one can relax in steam rooms, hot pots or lie in the lagoon itself.
There is a ski lift situated at Krafla, 500m long with a drop of just under 100m.

Information:
www.myv.is – www.myvatn.is – www.myvatnhotel.is
For more detailed information on tourist services, please contact the Tourist Information Centre, tel. 550-0720 / 462-7733.

**Opnunartími / Opening hours**

| Mánud. / Mon | Þriðjud. / Tue | Miðvikud. / Wed |
|---|---|---|
| Lokað | 17:30- 20:00 | Lokað |
| **Fimmtud. / Thu** | **Föstud. / Fri** | **Helgar / Weekends** |
| 17:30 - 19:00 | 12:00 - 15:30 | 12:00 - 15:30 |







## Skelltu þér á skíði til Akureyrar!

Í Hlíðarfjalli við Akureyri er frábær aðstaða til skíða-og snjóbrettaiðkunar og þar er sannkölluð skíðaparadís rétt við bæjardyrnar.

Á Akureyri eru þrjú KEAHÓTEL, Hótel KEA, Hótel Harpa og Hótel Norðurland. Gæði, þjónusta og þægindi einkenna hótelin, sem staðsett eru í hjarta bæjarins þar sem veitinga- og skemmtistaðir, kvikmyndahús og verslanir eru innan seilingar.

Starfsfólk Keahótela býður ykkur hjartanlega velkomin og vonar að dvölin verði ánægjuleg.



**Hótel Kea** ●●●●
Hafnarstræti 87-89,
600 Akureyri
Sími: 460 2000
Fax: 460-2060
kea@keahotels.is
www.keahotels.is



**Hótel Harpa** ●●
Hafnarstræti 83-85,
600 Akureyri
Sími: 460 2000
Fax: 460-2060
harpa@keahotels.is
www.keahotels.is



**Hótel Nordurland** ●●●
Geislagötu 7,
600 Akureyri
Sími: 462 2600
Fax: 462 2601
nordurland@keahotels.is
www.keahotels.is

KEAHÓTEL

Aðalskrifstofa: Hafnarstræti 94, 600 Akureyri.
Sími: 460 2050 · Fax: 460 2070
Netpóstur: keahotels@keahotels.is
**www.keahotels.is**